

Felix 2.0 - félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvakerfi Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega.

Nýtt og endurbætt kerfi var svo tekið í notkun snemma árs 2017.

Íþrótta- og ungmennafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum s.s. Microsoft Edge, Internet Explorer, Google Chrome og Safari. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Kerfið skiptist í fjóra hluta:

- **Vöruhús gagna – miðlægt á landsvísu**
 - Felix safnar saman gögnum um félagaumsýslu íþróttafélaga á landsvísu. Gögnin eru uppfærð daglega fyrir skýrslugerð og tölfraði úrvinnslu. Notendur eru sérsambönd, héraðssambönd, skrifstofa ÍSÍ og skrifstofa UMFÍ.
- **Kerfi fyrir íþróttafélög**
 - Hvert íþróttafélag fær uppsett kerfi í Felix fyrir félagaumsýslu. Sniðmát sérsambanda stýrir tengingu kerfisins við miðlæga vöruhús gagna. Félögin geta auk þess sett upp hópa og viðfangsefni að vild. Kerfið stýrir innheimtu félags- og iðkenda gjalda m.a. með tengingu í fjölskyldugátt Felix. Félög sem nota önnur félags- og innheimtukerfi geta tengst Felix með vefþjónustu.
- **Þjálfarar**
 - Þjálfarar fá aðgang að kerfi sem gerir þeim kleift að skrá mætingu, hafa samskipti við iðkendur og foreldra og vinna með dagatal hópa. Dagatal hópa ætti að innihalda mót, keppnisferðir, æfingar, fundi og aðra viðburði hvers hóps. Dagatalið er tengt við fjölskyldugátt Felix þ.a. iðkendur og foreldrar geta fylgst með og haft samskipti sín á milli.
- **Fjölskyldugátt**
 - Foreldrar og iðkendur skrá sig í Felix á þessari síðu og fá aðgang að vefsíðu þar sem hægt er að finna námskeið hjá íþróttafélögum, greiða iðkenda- og félagsgjöld og fleira. Hægt er að sjá hvernig fjölskyldumeðlimir hafa verið og eru skráðir í íþróttahreyfingunni. Auk þess er þar að aðgangur að dagatali þjálfara, þ.e. í þeim hópum þar sem fjölskyldumeðlimir eru skráðir. Þar geta foreldrar t.d. haft samskipti við þjálfara ef þarf.

Þjóðskrá kerfisins er uppfærð vikulega sem auðveldar til muna allt utanumhald. Þá er hægt að halda utan um netföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu.

Kerfið býður upp á öfluga aðgangsstýringu sem gerir félögum kleift að aðgangstýra kerfinu. Þannig er t.d. hægt að gefa þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra upplýsingar um sína iðkendur. Allar breytingar sem verða á högum iðkenda breytast miðlægt sem tryggir að alltaf er verið að vinna með réttar upplýsingar.

Felix 2.0 - félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Hægt er að nálgast Handbók Felix þegar búið er að skrá sig inn í Felix. Handbókin er undir nafninu „Handbók“ efst til hægri í Felix.

Þá geta íþróttahéruð, félög og sérsambönd sótt sína eigin tölfræði, sem unnin er úr starfsskýrslum, allt aftur til ársins 2004. Tölfræðin getur m.a. nýst við stefnumótun og til að fylgjast með þróun í viðkomandi einingu, kynjaskiptingu, aldursgreiningu o.fl., sjá handbók bls. 10.

Kerfið er einnig notað til að senda inn árlegar upplýsingar til ÍSÍ, svokallaðar starfsskýrslu ÍSÍ, sem félögum ber að skila skv. lögum ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Skýrslan samanstendur af féлага- og iðkendatali, upplýsingum um aðalstjórn, sem og lykiltölum úr ársreikningum, sjá handbók bls. 6.

Þessar upplýsingar eru afar mikilvægar og á þeim byggir tölfræði íþróttahreyfingarinnar sem m.a. er notuð í samskiptum við opinbera aðila.

Iðkendamöppur félaga sem nota æfinga- og námskeiðshluta Felix eða Nóra við innheimtu æfingagjalda uppfærast nú sjálfvirktt skv. skráningum í viðkomandi kerfi. Iðkendur sem hætt hafa á starfsskýrslutímabilinu teljast með í starfsskýrslu en sjást ekki lengur í iðkendamöppum. Þau félög þurfa samt sem áður, líkt og önnur félög, að uppfæra Almenna félagsmenn og Aðalstjórn í Felix, fjarlægja þá sem hættir eru í þeim möppum og setja inn nýja félagsmenn og stjórnarmenn.

Félög sem nota ekkert innheimtukerfi þurfa að uppfæra sínar iðkendamöppur handvirktt, sem og félagsmenn og stjórnarmenn.

Þegar notendur innheimtukerfis Felix eða Nóra skoða iðkendamöppur sínar sjá þeir einungis þá iðkendur sem eru skráðir í yfirstandandi námskeið í viðkomandi kerfi. Þeir iðkendur sem voru skráðir á námskeið sem nú er lokið, hafa verið fjarlægðir úr iðkendamöppu viðkomandi íþróttar í Felix en skila sér samt inn sem iðkendur viðkomandi árs hjá félaginu við starfsskýrsluskil í Felix. Þegar félag skilar inn starfsskýrslu birtast samtölur núverandi iðkenda og iðkenda sem hafa hætt á árinu aðskildar í starfsskýrslu.

Tölurnar birtast á eftirfarandi hátt: **iðkendur:** og **Fjöldi iðkenda s.l. ár en hættir.** Þegar þessar tölur eru lagðar saman þá mynda þær samtals iðkendafjölda félags við starfsskýrsluskil, sjá dæmi á mynd hér fyrir neðan. Iðkendur eru 1.596 + iðkendur sem hættu á árinu 1.348. Samtals gera það 2.944 iðkendur í starfsskýrslu.

HANDBOK HAFÐU SAMBAND


TÖLFRÆÐI

STARFSSKÝRSLA

Iðkendur:	1596
Fjöldi iðkenda s.l. ár en hættir	1348

Felix 2.0 - félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Aðgangsstýring að Felix er á ábyrgð félaganna sjálfra, sem sjá um að gefa þjálfurum, starfsfólki og öðrum þeim sem þeir kjósa, aðgang að kerfinu – sjá handbók bls. 7.



Nauðsynlegt er að félög haldi utan um hverjir hafa aðgang og að hvaða gögnum. Góð vinnuregla er að halda skrá utan um aðgangsaðildir og muna að fjarlægja aðgang fólks þegar það hefur ekki lengur þörf fyrir hann eða er hætt störfum fyrir félagið.

Félög geta óskað eftir aðstoð hjá umsjónaraðila Felix.

Umsjónaraðili Felix kerfisins er Elías Atlason (514-4000/ elias@isi.is). Elías getur m.a. veitt aðstoð við að stofna aðgang fyrir kerfisstjóra félaga.